

Skerjafirði, 25. febrúar 2011.

Kæri vinur,

Bestu þakkir fyrir bréfið sem þú sendir. Ég hef verið hraust í allan vetur enda tíðin mjög góð, fyrir utan kuldakast í janúar. Hvernig hefur þú það?

Það sem mér liggur mest á hjarta og langar að segja þér frá er að nú eru breyttir tímar þegar kemur að kvenréttindum.

Þegar árið 1915 fengu konur að kjósa eða kosningarétt og síðan þá hafa réttindi kvenna smám saman aukist og batnað. Ennþá er samt munur milli kynjanna í launum. Karlar fá yfirleitt hærri laun en konur, jafnvel fyrir sömu störf. Í könnun um þessi mál kom fram að hávaxinn, dökkhærður karl fær 20% hærri laun en lágvaxin, ljóshærð kona í sama starfi. Ótrúlegt en satt. Það má segja að formlegt jafnrétti kynjanna hafi þó náðst enda eru þau jöfn samkvæmt lögum.

Konur nú til dags eru að mörgu leyti frábrugðnar konum á 19. öld. Þær eru frjálslægri í fasi, mennta sig engu síður en karlar og hafa haslað sér völl á vinnumarkaðnum. Þó er kvenhlutverkið sumpart óbreytt sem og ímynd kvenna sem veikara kynsins. Heimilisstörf hvíla ennþá að miklu leyti á þeirra herðum og ýmis umönnunarstörf eru hefðbundin kvennastörf. Konur eiga að líta óaðfinnanlega út, en ganga í öll verk karlanna.

Kæri Jón, ég veit að þú varst ekki sérlega hlynntur kvenréttindum en ég vona innilega að bréfið frá mér hafi breytt hugmyndum þínum eitthvað. Bið kærlega að heilsa Ingibjörgu sem ég veit að var heldur á sama máli og ég.

Bestu kveðjur ævinlega,

Karitas Ísberg í 8ET